

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. september 2021

Mál nr. E-3025/2020:

A

(Eiríkur Elís Þorláksson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen lögmaður)

Dómur

I

Mál þetta, sem var höfðað með birtingu stefnu 4. maí 2020, var dómtekið 2. september 2021. Stefnandi er A til heimilis að [...], en stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli, Lindargötu í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 44.936.029 krónur auk 4,5% ársvaxta samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 2.739.610 krónum frá 11. ágúst 2017 til 9. apríl 2018, en af 42.359.029 krónum frá þeim degi til 14. desember 2019, og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 44.867.029 krónum frá þeim degi til 4. maí 2020 en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfu stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar að mati dómsins, en til vara er krafist verulegrar lækkunar á dómkröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

II

1

Atvik málsins eru þau að kl. 17.00 hinn a. febrúar 2016 var stefnandi handtekinn á [...] og færður til yfirheyrslu hjá ríkislögreglustjóra. Tilefni handtökunnar var grunur um að stefnandi hefði brotið gegn 1. mgr. 109. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. að hafa boðið B lögreglumanni, sem þá starfaði hjá [...]deild lögreglunnar, greiðslur gegn því að hann útvegaði skýrslu sem tengdist J. Að lokinni skýrslutöku lögreglu sem lauk kl. 19.08 sama dag var stefnandi látinn laus.

2

Í skýrslu lögreglu, dags. b. mars 2016, kemur fram að við skoðun á tölvu, sem haldlögð var á heimili B lögreglumanns þann d. desember 2015, hafi fundist samskipti við

símanúmer stefnanda og er þeim samskiptum sem áttu sér stað á milli stefnanda og B lýst í skýrslunni. Kemur fram að eftirfarandi skilaboð hafi farið á milli stefnanda og B lögreglumanns á tímabilinu [...] 2013:

„Hefur þú náð að kíkja eitthvað á skýrslurnar sem mig langar í. Ég skal gefa þér 2 flugmiða með M ef skýrslurnar finnast. Fyrir 500.000 heldur þú að það sé ekki hægt að finna skýrslurnar fyrir það? Þessu svarar B með eftirfarandi skilaboðum: „Það ætla ég að vona, ég kem heim seinnipart á þriðjudag.“ Stefnandi svarar þá „Ljómandi.“ Í svari B til stefnanda, dags. [...] 2013 segir síðan: „Tala við c á morgun, er búinn að sá fræjum um peninga þannig að ég ætti að geta svarað á morgun hvor ég get reddað þessu.“

Í sömu skýrslu kemur fram að við rannsókn málsins hafi verið rætt við tvo lögreglumenn sem kallaðir séu c og störfuðu hjá L á umræddum tíma og kynnu að hafa haft aðgang að umræddri skýrslu. Fram kemur í skýrslunni að umræddir lögreglumenn hafi hvorki kannast við skýrsluna sem tengdist J né að B hefði haft samband við þá til þess að útvega hana.

Óumdeilt er að þegar skráning umræddrar lögregluskýrslu fór fram hjá embætti ríkislögreglustjóra hinn b. mars 2016 voru gerð þau mistök að orðið „ekki“ féll niður á tveimur stöðum við skráningu á skýrslu sem tekin hafði verið af C lögreglumanni. Í henni kemur fram svohljóðandi texti:

C var spurður út í það hvort hann kannaðist við ofangreinda skýrslu og sagðist hann [ekki] kannast við hana. Einnig var hann spurður um hvort B hefði árið 2013 beðið hann um að útvega skýrslu og kannaðist hann heldur [ekki] við það.

Eftir þingfestingu sakamálsins og í kjölfar beiðni lögmanns stefnanda til embættis ríkislögreglustjóra voru gerðar leiðréttingar á skýrslunni í samræmi við framangreint og var hún lögð til grundvallar þannig leiðrétt við meðferð málsins fyrir dómi.

3

Fram kemur í skýrslu ríkislögreglustjóra frá a. febrúar 2016 að þegar boða átti stefnanda til skýrslutöku vegna málsins hafi komið í ljós að hann væri staddur á fundi úti á landi. Í símtali sama dag hafi aðstoðarlögregluþjónn tilkynnt honum að hann þyrfti að mæta til skýrslutöku vegna rannsóknar á máli og kvaðst stefnandi vera væntanlegur sama dag með flugi. Var honum þá tjáð að hann yrði sóttur út á völl við komuna. Í sömu skýrslu kemur fram að á þessum tíma hafi B enn verið í skýrslutöku og í samráði við ríkissaksóknara hafi verið ákveðið að halda honum þar til stefnandi kæmi til Reykjavíkur í því skyni að tryggja að þeir gætu ekki sammælst um framburð. Fram kemur í skýrslunni að í samtali lögreglu við stefnanda sama dag hafi stefnanda verið tjáð að hann yrði handtekinn við komuna.

Í yfirheyrslunni hinn a. febrúar 2016 var stefnandi yfirheyrður um tildrög þess og tilgang með því að bjóða starfandi lögreglumanni greiðslu gegn því að fá afhenta skýrslu. Stefnandi lýsti því að þeir B hefðu verið kunningjar og að B hefði öðru hvoru unnið fyrir hann við akstur í tengslum við [...]verkefni sem tengdist starfi stefnanda hjá N. Hann kvaðst ekki hafa látið B fá peninga eða fengið skýrslur í hendur, auk þess sem fram kom að hann vissi ekki um hvaða c væri rætt í umræddum smáskilaboðum.

4

Þann x. nóvember 2016, var ákæra gefin út á hendur stefnanda, og tveimur öðrum. Ákæran var í fjórum töluliðum, en í þriðja lið ákærunnar voru stefnandi og B ákærðir. Þriðji liður ákærunnar var svohljóðandi:

Með því að hafa á tímabilinu frá [...] 2013 verið í SMS samskiptum þar sem ákærði B lét meðákærða A lofa sér í sambandi við framkvæmd starfa hans sem lögreglumaður, kr. 500.000 peningagreiðslu og tveimur flugmiðum með M gegn því að ákærði B útvegaði ákærða A skýrslu K um J sem bar yfirskriftina „[...] Strictly confidential.“

Ákærði A lofaði og bauð með ákærða B framangreindar gjafir eða ávinning í tengslum við starf meðákærða sem opinber starfsmaður.

Telst brot ákærða B varða við 1. mgr. 128. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot ákærða A telst varða við 109. gr. almennra hegningarlaga.

Rannsókn og ákæra í málinu byggðust nánar tiltekið á því að stefnandi hefði boðið B lögreglumanni greiðslu í því skyni að B beitti áhrifum sínum innan lögreglunnar til að afla skýrslunnar, en umrædd skýrsla lá fyrir hjá L á þessum tíma.

5

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...]. apríl 2017 í máli nr. S-[...]/2016 voru stefnandi og B sýknaðir af fyrrgreindum ákærulið á þeim forsendum að ekki hefði tekist að sanna að boð stefnanda um greiðslu hefði tengst starfi B sem lögreglumanns. Segir nánar svo í dómnum:

Ekkert hefur komið fram um að ákærða B hafi verið kunnugt um hvar skýrslan var niðurkomin. Þá hafa þeir „c“ sem taldir voru koma til greina, sem maðurinn sem ákærði B nefnir í skilaboðum sínum, ekkert kannast við málið. Lögreglumenn sem komu að rannsókninni töldu ekkert hafa komið fram sem benti til þess að ákærði B hefði átt að nýta sambönd sín hjá lögreglunni til að finna skýrsluna.

Það er ekki skilyrði samkvæmt 1. mgr. 109. gr. og 1. mgr. 128. gr. almennra hegningarlaga að gjöf eða ávinningur sem um ræði hafi komið til, hins vegar þarf ávinningurinn að tengjast framkvæmd opinbers starfs viðkomandi.

3

Ákærðu B og A hafa báðir greint frá löngu vinasambandi þeirra í milli og töldu þeir báðir að fyrirspurn um skýrsluna hefði einungis verið vegna þeirra vinatengsla. Fyrir dóminn komu tveir aðilar sem báru að ákærði A hefði leitað til sín um sama efni vegna vinatengsla. Ekkert kemur fram í gögnum málsins eða framburði fyrir dómi um að ákærði B hafi nýtt sér starf sitt eða hafi átt að nýta sér það til þess að afla framangreindrar skýrslu. Er ekki sannað að ávinningi hafi verið lofað í sambandi við framkvæmd starfa ákærða B sem lögreglumanns. Framangreint skilyrði ákvæðisins er því ekki uppfyllt og verða ákærðu B og A sýknaðir af þessum ákærulið.

6

Töluverð umfjöllun var um málið í fjölmiðlum á tímabilinu [...] þegar dómur féll, þar sem stefnandi var nafngreindur og birtar af honum myndir.

Á þeim tíma sem stefnandi var handtekinn, a. febrúar árið 2016, gegndi hann stöðu sviðsstjóra [...]sviðs hjá N. Þegar ákæra var gefin út var honum sagt upp störfum tímabundið. Eftir að dómur féll fór hann til vinnu á ný en fór fljótlega í veikindaleyfi vegna vanheilsu. Stefnandi sagði síðan upp starfi sínu í ágúst 2017 vegna heilsubreysts.

Vegna umræddra veikinda sótti stefnandi meðferð hjá F [...]lækni og öðrum læknum. Í læknisvottorði F, dags. 9. apríl 2018, er því lýst að málareksturinn hafi haft mjög mikil og alvarleg áhrif á stefnanda og hann eigi töluvert í land með að ná sér aftur. Í vottorðinu segir að stefnandi hafi fengið felmtursröskun og alvarlega geðlæðgarlotu án geðrofseinkenna sem tengist rannsókn málsins beint. Segir jafnframt í vottorðinu að stefnandi hafi verið að fullu óvinnufær frá 11. ágúst 2017.

Með bréfi til ríkislögmans, dags. 30. september 2017, lýsti stefnandi því yfir að hann teldi íslenska ríkið bótaskyldt vegna tjóns sem hann hefði orðið fyrir m.a. vegna umræddrar handtöku og við meðferð sakamálsins. Með bréfi ríkislögmans, dags. 2. júlí 2018, var bótaskyldu hafnað.

Með matsbeiðni, dags. 24. september 2018, óskaði stefnandi eftir því að mat yrði lagt á það hverjar afleiðingar umræddrar handtöku og meðferðar sakamálsins væru. Dómkvaddir voru D, [...]læknir, og E, lögmaður, til að framkvæma matið. Skiluðu þeir matsgerð þann 23. september 2019. Í matsgerð þeirra kemur m.a. fram að matsmenn telji stefnanda búa við alvarlegt þunglyndi og kvíðasjúkdóm sem rekja megi til handtökunnar og meðferðar sakamálsins í framhaldi af henni. Var stöðugleikatímupunktur (batahvörf) stefnanda metinn 9. apríl 2018, þ.e. þegar læknisvottorð F var gefið út. Tímabil tímabundinnar óvinnufærni og þjáningatímabil stefnanda voru metin frá 11. ágúst 2017 til 9. apríl 2018, þ.e. frá því að stefnandi var fyrst vottaður óvinnufær af lækni til stöðugleikatímupunkts (batahvarfa). Þá var varanlegur miski stefnanda metinn 20 stig og varanleg örorka 30%.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu vitna fyrir dóminum dómkvaddir matsmenn, þeir D, [...]læknir, og E, lögmaður. Einnig gáfu skýrslu vitna F, [...]læknir, og G, [...]saksóknari.

III

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir aðallega á því að hann eigi rétt á bótum á grundvelli hlutlægra bótareglna laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar sem hann hafi þurft að þola aðgerðir samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna og síðar verið sýknaður með dómi, sbr. 246. gr. laganna, sbr. þágildandi 228. gr. sömu laga. Þá eigi hann a.m.k. sama bótarétt á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar, þ. á m. á grundvelli sakarreglunnar og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, vegna bótaskyldrar háttsemi við meðferð málsins. Stefnandi byggir á því að engin rök standi til þess að fella niður eða lækka bætur á þeim grunni að hann hafi með „sms“-skilaboðum sínum stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, eins og einu varnir stefnda gagnvart hlutlægri ábyrgð byggist á.

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt á fullum bótum fyrir heilsufarstjón sitt á grundvelli 5. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, en ákvæðið kveði á um að bæta skuli fjártjón og miska ef því er að skipta. Stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni og miska.

Stefnandi vísar til matsgerðar dómkvaddra matsmanna, þar sem það hafi verið niðurstaða matsmanna að stefnandi búi við alvarlegt þunglyndi og kvíðasjúkdóm sem megi rekja til handtökunnar og málaferlanna. Þá vísar stefnandi til læknisvottorðs F, þar sem fram komi að enginn vafi leiki á því að málareksturinn hafi haft mjög mikil og alvarleg áhrif á heilsu stefnanda.

Verði ekki fallist á að stefnandi eigi bótarétt á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar skv. 246. gr. laga nr. 88/2008 er á því byggt af hálfu stefnanda að hann eigi þann bótarétt á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar, þ. á m. sakarreglunnar og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þannig hafi saknæm og ólögsmæt háttsemi starfsmanna ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara valdið stefnanda tjóni sem krafist er bóta fyrir í málinu. Stefnandi vísar til mistaka lögreglufulltrúans H, sem við skráningu skýrslu af tveimur lögreglumönnum sem báru nafnið C hafi kollvarpað efni lögregluskýrslu sem lögð var fram í sakamálinu á hendur stefnanda sem síðan var lögð til grundvallar ákvörðun um útgáfu ákæru á hendur stefnanda. Ákæran hafi verið gefin út x. nóvember 2016. Fyrst eftir að lögmaður stefnanda benti á mistökin og óskaði eftir leiðréttingu, þ. á m. með bréfi, dags. y. janúar 2017, hafi mistökin verið leiðrétt. Eftir það hafi ekki staðið eftir nein sönnunargögn í sakamálinu sem hafi getað bent til þess að boð eða loford stefnanda til B hafi tengst opinberu starfi hans, sbr. eftirfarandi í forsendum héraðsdóms í málinu: „Ekkert kemur fram í gögnum málsins eða framburði fyrir dómi um að ákærði B hafi nýtt sér starf sitt eða hafi átt að nýta sér það til þess að afla framangreindrar skýrslu.

Er ekki sannað að ávinningi hafi verið lofað í sambandi við framkvæmd starfa ákærða B sem lögreglumanns.“

Tilraunir rannsakenda málsins til að tengja háttsemina við lögreglumenn sem störfuðu hjá L, þar sem eintak af skýrslunni er sagt hafa legið fyrir, hafi því verið eini raunverulegi grundvöllur saksóknar á hendur stefnanda. Hann reyndist ekki hafa verið á rökum reistur frá upphafi en vegna framangreindra mistaka hafi málið litið út fyrir að hafa stoð í rannsóknargögnum og það hafi verið lagt þannig fyrir héraðsdóm. Þegar á mistökinn var bent og þau leiðrétt var málinu samt sem áður haldið áfram. Framangreind háttsemi, bæði við rannsókn og ákvörðun um ákæru, svo og ákvörðun um að halda sakamálinu til streitu, stríði augljóst gegn meginreglum sakamálaréttarfars, sbr. einnig ákvæði 53. gr. og 145. gr. laga nr. 88/2008. Gera verði ríkar kröfur til rannsakenda og ákæranda í þeim efnunum. Byggir stefnandi á því að engum sönnunargögnum hafi verið til að dreifa í málinu sem stutt gætu meint tengsl milli háttsemi stefnanda og opinbers starfs B. Stefnandi bendir einnig á að samkvæmt framburði I, lögreglumanns og eins rannsakenda málsins, hafi ekkert komið fram við rannsókn málsins sem benti til þess að stefnandi hefði með boði sínu ætlast til þess að B nýtti stöðu sína sem opinber starfsmaður til að útvega umrædda skýrslu um J. Fæst því ekki séð að rannsókn málsins og ákvörðun um saksókn hafi byggst á neinu öðru en umræddri misritun.

Varðandi bóталиðinn „annar miski“ að fjárhæð 1.500.000 krónur byggir stefnandi á því að framangreind háttsemi feli jafnframt í sér a.m.k. verulegt (eftir atvikum, stórkostlegt) gáleysi í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og þar með ólögmæta meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu stefnanda við rannsókn og meðferð málsins.

Að mati stefnanda eru öll skilyrði almennra reglna skaðabótaréttar fyrir hendi. Fyrir liggja sök starfsmanna embætta ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara sem stefndi beri hlutlæga ábyrgð á samkvæmt reglum um vinnuveitandaábyrgð og, eftir atvikum, stofnanaábyrgð. Tjón stefnanda hafi verið metið af dómkvöddum matsmönnum sem jafnframt hafi staðfest að heilsufarstjón stefnanda megi rekja beint til sakamálsins, bæði rannsóknar þess (handtöku) og saksóknar í kjölfar hennar. Matsgerðinni hafi ekki verið hnekkt. Tjón stefnanda er jafnframt sennileg afleiðing af hinni bótaskyldu háttsemi.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi bendir á að misritun í skýrslu ríkislögreglustjóra hafi ekki stuðlað að ákæru á hendur stefnanda eins og haldið er fram.

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda um bætur á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 og bendir á að aðdraganda að handtöku stefnanda megi rekja til þess að taka þurfti skýrslu af honum vegna grunsemda sem komið höfðu upp eftir leit í tölvu og síma B, lögreglumanns, auk upplýsinga um greiðslur sem komið hafði í ljós að höfðu runnið

frá stefnanda til B. Það hafi verið mat lögreglu að þörf væri á að taka skýrslu af stefnanda um sakargiftir áður en stefnandi hefði tækifæri til að ræða framburð sinn við B.

Umræddur B var í haldi lögreglu þar til stefnandi var kominn til yfirheyrslu. Handtaka stefnanda stóð frá um kl. 17:00 til kl. 19:08 þann a. febrúar 2016 þegar skýrslutöku lauk. Þannig hafi handtakan aðeins varað í rétt rúmar tvær klukkustundir og stefnanda hafi verið sleppt um leið og skýrslutöku af honum var lokið. Handtakan hafi farið fram með lögsmætum hætti, gætt hafi verið meðalhófs við handtöku og hún hafi ekki staðið lengur en nauðsyn bar til vegna rannsóknar málsins.

Stefnandi var síðar ákærður fyrir að hafa boðið B 500.000 krónur í greiðslu og tvo flugmiða gegn því að útvega skýrslu K um J. Samkvæmt ákæru var brotið talið varða við 1. mgr. 109. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í yfirheyrslunni yfir stefnanda, þann a. febrúar 2016, var hann yfirheyrður um tildrög þessa og tilgang með því að bjóða starfandi lögreglumanni slíka greiðslu.

Rannsókn og ákæra í málinu byggðust á því að stefnandi hefði boðið greiðslu í því skyni að B beitti áhrifum sínum innan lögreglunnar til að afla skýrslunnar. Það liggja fyrir að umrædd skýrsla var tiltæk hjá L á þessum tíma. Einnig liggja fyrir að B hafi sett sig í samband við einhvern C, eða eins og segir í „sms“-samskiptum milli B og stefnanda þann [...] 2013: „*Tala við c á morgun, er búinn að sá fræjum um peninga þannig að ég ætti að geta svarað á morgun hvort ég get reddað þessu.*“ Í málinu tókst ekki að sýna fram á hver umræddur C eða c var. Lyktir málsins voru þær að stefnandi og B voru sýknaðir af þessum lið ákærunnar á þeim forsendum að ekki hefði tekist að sanna að boð stefnanda um greiðslu hefði tengst starfi B sem lögreglumaður.

Stefndi bendir á að sú háttsemi stefnanda að bjóða starfandi lögreglumanni háa greiðslu fyrir að afla umræddrar skýrslu er alvarleg háttsemi og sterk vísbending um refsiverða háttsemi sem hafi gefið fullt tilefni til handtöku stefnanda. Það er vandséð hvaða úrræði B hefði haft til að afla skýrslunnar umfram stefnanda sjálfan, nema með því að beita áhrifum sínum innan lögreglunnar. Þá hafi stefnandi ekki gefið skýringu á því hver þessi c sé, sem vísað var til í sms skilaboðum á milli stefnanda og B. Þrátt fyrir að stefnandi hafi verið sýknaður í málinu telur stefndi að handtaka stefnanda hafi verið nauðsynleg og byggð á fullnægjandi lagagrunni.

Það er mat stefnda að stefnandi eigi ekki rétt á bótum á grundvelli hlutlægrar bótareglu 246. gr. sakamálalaga. Mat þetta byggir á því að stefnandi hafi, með boði sínu um greiðslu til B lögreglumanns, valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. sakamálalaga.

Með vísan til alls framangreinds er málsástæðum og kröfu stefnanda um greiðslu bóta á grundvelli 246. gr. sakamálalaga hafnað.

Stefnandi heldur því fram í stefnu að túlka beri ákvæði 2. málslíðar 2. mgr. 246. gr. sakamálalaga um eigin sök þröngt í ljósi ákvæða 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og

5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefndi telur rétt að áréttu að framangreind ákvæði veita ekki rýmri rétt til bóta en 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, enda beri að túlka ákvæðin með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttar, þar á meðal um eigin sök (sjá Hrd. nr. 492/2011 og 601/2012).

Hvað varðar kröfu stefnanda um bætur á grundvelli almennrar reglu skaðabótaréttar þá er því mótmælt að mistök lögreglumanns við ritun skýrslu hafi leitt til ákvörðunar um útgáfu ákæru á hendur stefnanda. Telur stefndi að stefnandi hafi ekki fært fram rökstuðning fyrir því hvernig umrædd mistök eigi að hafa haft þau áhrif að ákært var í málinu. Hið rétta sé að rannsókn ríkissaksóknara og síðar ákæra í málinu hafi byggst á því að stefnandi hefði boðið fram greiðslu í því skyni að lögreglumaðurinn B beitti áhrifum sínum innan lögreglunnar til að afla tiltekinnar skýrslu. Stefnandi var sýknaður í málinu á þeim forsendum að ekki hefði tekist að sanna að boð hans um greiðslu hefði verið í tengslum við starf B sem lögreglumaður. Að auki bendir stefndi á að lögregla og handahafar ákæruvalds njóti að lögum verulegs sjálfstæðis við ákvörðun um rannsókn og höfðun refsímáls, sbr. III. og VII. kafla sakamálalaga, og sæti mat þeirra á slíku ekki endurskoðun dómstóla (sjá m.a. Hrd. nr. 52/2019 og 207/2008). Strangt sönnunarmat í sakamálum geti hins vegar leitt til þess, og leiðir raunar oft til þess, að dómstóll sé ósammála ákæruvaldi um að sekt sakbornings hafi verið sönnuð fyrir dómi. Sé sú raunin, þá leiðir það til sýknu vegna sönnunarskorts, svo sem átti við í tilviki stefnanda. Það eitt og sér feli hins vegar ekki í sér að ákæruvaldið hafi farið fram með saknæmum og ólögætum hætti þegar ákvörðun um ákæru var tekin, heldur eingöngu að dómstóllinn hafi verið ósammála ákæruvaldinu um sekt stefnanda í málinu.

IV

Stefnandi hefur höfðað mál þetta á hendur stefnda til heimtu bóta vegna tjóns og miska sem hann telur sig hafa orðið fyrir sökum handtöku a. febrúar 2016 og meðferðar sakamáls á hendur honum í kjölfar ákæru sem gefin var út á hendur honum x. nóvember 2016. Er krafan byggð á 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, almennum reglum skaðabótaréttar, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár Íslands. Byggir stefnandi á því að hann eigi rétt á fullum bótum fyrir heilsufarstjón sitt með vísan til 5. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 á maður sem hefur verið borinn sökum í sakamáli rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. sömu lagagreinir er mælt fyrir um að dæma skuli bætur vegna þvingunarráðstafana, þar með talið handtöku, ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó megi fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Þá ber að líta til þess að réttur til skaðabóta vegna

frelsisviptingar að ósekju er varinn af 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 er lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra, ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Fram er komið að ástæður þess að stefnandi var handtekinn hinn a. febrúar 2016 voru grunsemdir um að hann hefði boðið lögreglumanni greiðslu í því skyni að hann beitti áhrifum sínum innan lögreglunnar til að afla skýrslu sem lá fyrir hjá L og trúnaður ríkti um. Við frumrannsókn málsins og á þeim tíma þegar stefnandi var handtekinn lágu fyrir smáskilaboð á milli hans og lögreglumannsins sem lögregla taldi benda til þess að um brot væri að ræða sem varðaði við 1. mgr. 109. gr. almennra hegningarlaga. Taldi ríkissaksóknari, sem fór með frumrannsókn málsins, nauðsynlegt að handtaka stefnanda til þess að spyrja hann um tildrög þess og tilgang að bjóða starfandi lögreglumanni greiðslu gegn afhendingu umræddrar skýrslu. Að þessu virtu er fallist á það með stefnda að greindar vísbendingar sem lágu fyrir í umræddum smáskilaboðum á milli stefnanda og lögreglumannsins hafi gefið rökstudda ástæðu til að ætla að stefnandi hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi. Því hafi verið fullt tilefni til að handtaka stefnanda hinn a. febrúar 2016. Voru skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 því uppfyllt.

Samkvæmt 2. mgr. 246. gr. skal dæma bætur vegna aðgerða skv. IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008, þ. á m. fyrir handtöku ef skilyrði 1. mgr. 246. gr. eru fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Eins og áður segir var stefnandi handtekinn hinn a. febrúar 2016, þar sem fyrir lágu upplýsingar um að hann hefði boðið lögreglumanni greiðslu gegn afhendingu gagna. Rökstuddur grunur lék á því að stefnandi hefði framið brot sem sætt gæti ákæru, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008. Á þeim tíma sem hann var handtekinn var B lögreglumaður í haldi lögreglu og taldi lögregla mikilvægt vegna rannsóknarhagsmuna að stefnandi gæti ekki rætt framburð sinn við B. Í ljósi atvika málsins var lögreglu því bæði heimilt og rétt að færa stefnanda á lögreglustöð. Frelsisviptingin stóð ekki lengur en efni stóðu til auk þess sem ekkert bendir til þess að hún hafi verið framkvæmd á óþarflega særandi eða meiðandi hátt. Að virtum þessum atvikum telur dómurinn að líta verði svo á að stefnandi hafi stuðlað að aðgerðum gegn sér í skilningi 2. mgr. 248. gr. laga nr. 88/2008. Handtaka stefnanda varði í stuttan tíma eða rúmar tvær klukkustundir og var honum sleppt að henni lokinni. Telja verður að gætt hafi verið meðalhófs við þessar aðgerðir, sbr. ákvæði 3. mgr. 53. gr. og 2. mgr. 93. gr. laga nr. 88/2008. Með vísan til framangreinds er kröfu

stefnanda um greiðslu bóta, hvort heldur er fyrir fjártjón eða miska vegna handtöku hinn a. febrúar 2016, á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008, hafnað.

Stefnandi byggir einnig á því að hann eigi rétt á bótum á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar, þ. á m. á grundvelli sakarreglunnar og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 fyrir fjártjón og þann miska sem hann hafi orðið fyrir vegna meðferðar sakamálsins á hendur honum. Telur stefnandi að saknæm og ólögmæt háttsemi starfsmanna ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara hafi valdið honum varanlegu tjóni. Byggir stefnandi á því að mistök lögreglufulltrúa við skráningu lögregluskýrslu sem lögð var fram í sakamálinu hafi kollvarpað efni skýrslu stefnanda. Rannsókn málsins og ákvörðun um saksókn hafi ekki byggst á neinu öðru en umræddri misritun. Málinu hafi síðan verið haldið áfram þrátt fyrir að mistökin hafi verið leiðrétt við þingfestingu þess.

Í VII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er mælt fyrir um almennar reglur um rannsókn sakamála. Samkvæmt 52. gr. laganna skal lögregla hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið. Í 53. gr. laganna segir að markmið rannsóknar sé að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi. Samkvæmt 2. mgr. lagagreinarinnar skulu þeir sem rannsaka sakamál vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Í 54. gr. segir m.a. að rannsaka skuli og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli. Þá segir einnig að rannsaka skuli vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot. Samkvæmt 56. gr. laganna tekur lögregla saman skýrslu um rannsókn sína í hverju máli um sig þar sem getið skal einstakra rannsóknaraðgerða og niðurstaðna þeirra. Þar skal koma fram það sem sakborningur og vitni bera við skýrslutöku, sbr. 64. og 65. gr., athugun lögreglu sjálfrar og niðurstaða skoðunar og rannsóknar sérfróðra manna. Þegar rannsókn er lokið sendir lögregla eftir atvikum ákæranda rannsóknargögnin ásamt skýrslu lögreglu. Getur ákærandi mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir af hálfu lögreglu telji hann þess þörf, sbr. 57. gr. laganna.

Fyrir liggur að ríkissaksóknari fór með rannsókn málsins á hendur stefnanda. Til grundvallar rannsókninni og síðar ákæru á hendur stefnanda voru smáskilaboð sem fóru á milli stefnanda og tilgreinds lögreglumanns, sem gáfu til kynna að stefnandi hefði boðið lögreglumanninum greiðslu gegn því að hann útvegaði skýrslu um J. Tekin var skýrsla af stefnanda í þágu rannsóknar málsins. Lögmaður hans var viðstaddur. Þá var viðkomandi lögreglumaður yfirheyrður vegna málsins, svo og lögreglumenn sem taldir voru tengjast því. Stefnandi hafði réttarstöðu sakbornings og var honum kynnt það í upphafi skýrslutökunnar. Undir stefnanda voru borin smáskilaboð sem fóru á milli hans og lögreglumannsins sem voru síðan grundvöllur ákærunnar. Þá var hann spurður um

ástæður þess að hann hefði boðið lögreglumanni greiðslu fyrir að finna umrædda skýrslu. Auk þess var hann spurður um greiðslur sem hann hafði innt af hendi til lögreglumannsins. Á grundvelli rannsóknargagna var ákæra síðan gefin út, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008. Var það síðan niðurstaða dómsins í sakamálinu nr. S-[...]/2016 að ósannað væri að boð stefnanda um greiðslu hefði tengst starfi lögreglumannsins og í ljósi þess hefði skilyrði 1. mgr. 109. gr. almennra hegningarlaga því ekki verið fullnægt.

Maður sem sakaður hefur verið um refsiverða háttsemi getur átt rétt til bóta úr hendi stefnda á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Skilyrði þess er að lögreglumenn eða aðrir ríkisstarfsmenn hafi með ólögmætum og saknæmum hætti valdið honum tjóni sem stefndi ber ábyrgð á og fellur ekki undir gildissvið XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 um bætur vegna sakamáls, sbr. dóm Hæstaréttar 6. mars í máli nr. 27/2018. Þá verða manni því aðeins dæmdar miskabætur á þessum grunni að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi þess sem varð valdur að því, sbr. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, eða ólögmætri meingerð sem beinst hefur gegn frelsi, friði, æru eða persónu hans, sbr. b-lið sömu málsgreinar.

Eins og áður greinir var mál það sem krafist er bóta fyrir rannsakað áður en ákæra var gefin út á hendur stefnanda og þ. á m. var tekin skýrsla af stefnanda og vitnum. Þrátt fyrir að niðurstaða dómsins í sakamálinu hafi verið sú að sýkna bæri stefnanda, með þeim rökstuðningi sem þar kemur fram, þá leiðir það ekki til þess að starfsmenn stefnda, hjá embætti ríkislögrelustjóra og ríkissaksóknara, hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi við meðferð málsins eða að ekki hafi verið farið að lögum þegar ákveðið var að gefa út ákæru á hendur stefnanda. Það er ákæruvaldsins að leggja mat á fram komin rannsóknargögn og þar með meta hvort höfða beri mál á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008. Var það mat ákæruvaldsins hinn x. nóvember 2016 að það væri rétt ákvörðun. Telur dómurinn með vísan til framangreinds að ekki hafi verið sérstakir annmarkar á ákærunni eða undirbúningi hennar. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins og skýrslum fyrir dóminum að hin misritaða lögregluskýrsla sem lögð var fram við þingfestingu málsins hafi verið eina forsendan fyrir útgáfu ákæru á hendur stefnanda eða haft nein þau áhrif sem máli skipta. Ber að líta til þess að lögregla og handhafar ákæruvalds njóta að lögum verulegs sjálfstæðis við ákvörðun og rannsókn og höfðun refsímáls, sbr. III. og VII. kafla laga nr. 88/2008. Sætir mat þeirra um það ekki endurskoðun dómstóla, sbr. nánar til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 25. maí 2019 í máli nr. 52/2019.

Með skírskotun til þess er að framan greinir og gagna málsins verður ekki talið að starfsmenn stefnda hafi sýnt af sér skaðabótaskylda háttsemi með því að gefa út ákæru á hendur stefnanda og halda málinu áfram þrátt fyrir misritun í skýrslu lögreglu. Með sömu rökum verður ekki fallist á að starfsmenn stefnda hafi valdið stefnanda líkamstjóni eða brotið gegn frelsi, friði, æru eða persónu hans á þann hátt sem áskilið er í 26. gr.

skaðabótalaga nr. 50/1993 eða að réttur hafi verið á honum brotinn svo að í bága fari við 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttinda-sáttamála Evrópu.

Er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, 18. september 2018, var stefnanda veitt gjafsókn vegna málshöfðunar þessarar. Var gjafsóknin takmörkuð við rekstur málsins fyrir héraðsdómi. Var áréttað í gjafsóknarleyfi að það tæki ekki til dómkvaðningar matsmanna. Að þessu virtu ber að greiða gjafsóknarkostnað stefnanda úr ríkissjóði, þar með talda þóknun lögmans stefnanda, Eiríks Elís Þorlákssonar lögmans, sem telst hæfilega ákveðin 1.400.000 krónur.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmans hans, sem telst hæfilega ákveðin 1.400.000 krónur.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)